

33. tbl.

30. ág. 2023

30 ág.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Útivistardagur og aðalfundur Skógræktarfélags Fnjóskdæla

Mánudaginn 4. september kl. 17:00

Hálsmelar Fnjóskadal

Hittumst á nýju útivistar og áningarsvæði, hringur genginn en einnig hægt að sitja og njóta kyrrðarinnar, ketilkaffi og kleinur á boðstólum.

Ekið frá Þjóðvegi 1 upp Vaglaskógarveg nr. 836, beygt til hægri og aftur til hægri, fylgið merkingum. Allir hjartanlega velkomnir.

Aðalfundur félagsins í lokin. Venjubundin aðalfundarstörf.

Skógræktarfélag Fnjóskdæla

Félagsstarf eldri borgara

Ákveðið hefur verið að ráða Svanhildi Kristjánsdóttur og Jóhönnu Magneu Stefánsdóttur til starfa við félagsstarf aldraðra í Þingeyjarskóla og Stórutjarnaskóla veturinn 2023-2024. Enn er óráðið í Mývatns-sveit og er umsóknarfrestur um þá stöðu til 4. september 2023. Áhugasömum er bent á auglýsingu á heimasíðu Þingeyjar-sveitar.

Fyrirkomulag og upphaf félagsstarfsins verður nánar auglýst síðar.

Skila skal umsóknum á skrifstofur Þingeyjarsveitar, eða á netfangið umsokn@thingeyjarsveit.is





Fundargerð

31. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Skjólbrekku, fimmtudaginn 24. ágúst 2023, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Gerður Sigtryggsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson, Haraldur Bóasson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Anna Bragadóttir og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.

Oddviti sett fund og óskað eftir að taka á dagskrá sem 1. lið skýrslu sveitarstjóra sem 8. lið Tjarnir ehf. aðalfundarboð og sem 9. lið umsókn um leikskólavist utan lögheimilissveitarfélags. Aðrir liðir á dagskrá færast sem því nemur. Samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla sveitarstjóra - 2303021

Skýrsla sveitarstjóra flutt munnlega og til kynningar. Lagt fram

2. Fundadagatal 2023-2024 - 2308023

A Sveitarstjórn frestar afgreiðslu á fundaaætlun sveitarstjórnar. Frestað

3. Fyrirspurn um leigu á húsnæði - lðnbær - 2308013

Lagt fram bréf frá Ólafi Sólimann dags. 15. ágúst sl. þar sem hann kannar vilja sveitarfélagsins til að leigja Úr héraði norðurenda lðnbæjar. Til máls tók: Knútur Emil Jónasson.

Sveitarstjórn þakkar áhuga bréfitara á norðurbili í lðnbæ en ekki eru áform, að svo stöddu, um útleigu bilsins þar sem áhaldahús sveitarfélagsins er þar til húsa.

4. Barnaborg- stytting vinnuvikunnar - 2308024

Lögð fram tillaga starfsfólks Barnaborgar að útfærslu á styttingu vinnuvikunnar. Til máls tók: Árni Pétur Hilmarsson
Sveitarstjórn tekur jákvætt í tillögur starfsfólks Barnaborgar og felur verkefnastjóra fjölskyldumála að útfæra tillögurnar nánar í samvinnu við skólastjórnanda og leggja til staðfestingar fyrir byggðarráð.

Samþykkt

5. Mývó ehf. - gisting í flokki II - rekstrarleyfi - 2308021

Tekin fyrir umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Norðurlandi eystra dags. 17. ágúst sl. þar sem Mývó ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II vegna Geiteyjarstrandar 4.

Til máls tók: Knútur Emil Jónasson.

Gildandi landnotkun í aðalskipulagi er landbúnaðarsvæði sem býður upp fjölbreytta starfsemi svo sem gistiþjónustu í flokki 1 og 2 sbr. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og takmarkast við 16 herbergi og 32 gesti. Sveitarstjórn telur útgáfu rekstraleyfi gisti- staðar í flokki II samræmast landnotkun að Geiteyjarströnd 4 skv. aðal- skipulagi og felur því sveitarstjóra að veita jákvæða umsögn til Sýslu- mannsins á Norðurlandi eystra f.h. hönd sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar.

Samþykkt

6. Girðingar - beitarhólf á Austurfjöllum - 2308017

Lögð fram áskorun frá afréttarnotendum í Mývatnssveit þar sem óskað er eftir að komu sveitarfélagsins að málefnum er snerta girð- ingar á Austurafrétti.

Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til umfjöllunar í atvinnu- og nýsköpunar nefnd. Samþykkt

7. Endurskoðun samninga um félags- og skólaþjónustu - 2208005

Í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna er sveitarstjórn að endur- skoða samninga sem voru í gildi hjá eldri sveitarfélögum. Til máls tók: Arnór Benónýsson.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska eftir fundi með fulltrúum Norðurbings og óska eftir endurskoðun á samningum um félags- og skólaþjónustu. Samþykkt

8. Aðalfundur 2023 - fundarboð - 2308026

Lagt fram boð á aðalfund Tjarna ehf. sem haldinn verður 5. september nk.

í Stórutjarnaskóla. Til máls tóku: Arnór Benónýsson og Gerður Sigtryggs- dóttir.

Sveitarstjórn felur Eypóri Kára Ingólfssyni að fara með umboð sveitar- félagsins á fundinum.

Samþykkt

9. Umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags - 2308030

Málið tekið fyrir sem trúnaðarmál.

Samþykkt

10. Byggðarráð - 1 - 2307002F

Fundargerð 1. fundar byggðarráðs Þingeyjarsveitar. Fundargerðin er lögð fram til kynningar. Lagt fram

- 10.1 2305033 - Byggðarráð
- 10.2 2306049 - Skólaakstur 2023-2026 útboð
- 10.3 2307026 - Jafnlaunastefna Þingeyjarsveitar samþykkt 2023
- 10.4 2307023 - Selen ehf. - Umsagnarbeiðni rekstarfleyfi flokkur II-H Höfðabyggð E22
- 10.5 2306023 - Líforkuver - SSNE
- 10.6 2307007 - Samgönguáætlun 2023-2038
- 10.7 2307014 - Skattalegt umhverfi orkuvinnslu - umsögn
- 10.8 2307030 - SSNE - áhersluverkefni Sóknaráætlunar - Auknar fjárfestingar á NE
- 10.9 2307011 - Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra - Fundargerðir
- 10.10 2306029 - Samband íslenskra sveitarfélaga - Fundargerðir
- 11. Byggðarráð - 2 - 2308001F

Fundargerð 2. fundar byggðarráðs Þingeyjarsveitar. Fundargerðin er lögð fram til kynningar. Lagt fram

- 11.1 2306049 - Skólaakstur 2023-2026 útboð
- 11.2 2307029 - Vinnuvélar Smára ehf. - Umsagnarbeiðni rekstur gististaðar flokkur II-H -Skógarmelur 1
- 11.3 2308002 - Lausaganga búfjár - kvörtun

12. Byggðarráð - 3 - 2308002F

Fundargerð 3. fundar byggðarráðs Þingeyjarsveitar. Fundargerðin er lögð fram til kynningar. Lagt fram

- 12.1 2308006 - Aðalskipulag
- 12.2 2308010 - Seigla
- 12.3 2307031 - Tónlistarskólinn á Akureyri - umsókn um tónlistarnám
- 12.4 2307032 - Tónlistarskólinn á Akureyri -

- umsókn um tónlistarnám
- 12.5 2307031 - Tónlistarskólinn á Akureyri -
umsókn um tónlistarnám
- 12.6 2308016 - Fundargerðir - almannavarnarnefnd

13. Skipulagsnefnd - 14 - 2307001F

Fundargerð 14. fundar skipulagsnefndar frá 21. ágúst s.l. lögð fram til kynningar.

Fundargerðin er í 8 liðum, liðir 2, 3, 5 og 6 þarfnast sérstakrar afgreiðslu í sveitarstjórn.

13.1 2307002 - Heiðartún - Umsókn um byggingarleyfi
Afgreiðsla skipulagsnefndar frá 14. fundi nefndarinnar lögð fram til kynningar.

13.2 2307004 - Bárðarbunga - Stofnun þjóðlendu
Til máls tók: Knútur Emil Jónasson.

Sveitarstjórn tekur undir afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun þjóðlendunnar Bárðarbungu. Skipulagsfulltrúa er falið að tilkynna ráðuneytinu um samþykkt sveitarstjórnar og byggingarfulltrúa er falið að senda umsókn um stofnun þjóðlendunnar í fasteignaskrá til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

13.3 2307005 - Tungnafellsjökull - stofnun þjóðlendu
Til máls tók: Gerður Sigtryggsdóttir.

Sveitarstjórn tekur undir afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun þjóðlendunnar Tungnafellsjökuls. Skipulagsfulltrúa er falið að tilkynna ráðuneytinu um samþykkt sveitarstjórnar og byggingarfulltrúa er falið að senda umsókn um stofnun þjóðlendunnar í fasteignaskrá til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

13.4 2304012 - Búvellir - ferðaþjónustuhús
Afgreiðsla skipulagsnefndar frá 14. fundi nefndarinnar lögð fram til kynningar.

13.5 2308009 - Grænbók um skipulagsmál - beiðni um umsögn
Til máls tók: Jóna Björg Hlökkversdóttir.

Sveitarstjórn tekur undir afgreiðslu skipulagsnefndar og kemur því á framfæri í umsögn sinni við Grænbók um skipulagsmál að tryggðir verði hagsmunir sveitarfélagsins og möguleiki á fjölbreyttri búsetu í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda inn umsögn í samræmi við afgreiðslu skipulagsnefndar og umræður á fundinum.

13.6 2305013 - Hótel Laxá - Breyting á deiliskipulagi verslunar og

þjónustusvæðis

Til máls tóku: Knútur Emil Jónasson og Gerður Sigtryggsdóttir.

Sveitarstjórn hefur farið yfir gögn málsins og telur að fyrirhuguð áform um uppbyggingu núverandi innviða Hótels Laxár við Olnbogaás muni hafa minniháttar ásynðaráhrif á umhverfið, ekki skarast á við hagsmuni sveitarfélagsins eða hafa neikvæð áhrif á umhverfið eða samfélag. Sveitarstjórn telur ekki tímabært að setja inn skilmála um stakar gistieiningar á lóð Hótels Laxár fyrr en stefna um uppbyggingu gististaða hefur litið dagsins ljós í nýju aðalskipulagi. Breytingin felur í sér fjölgun herbergja úr 80 í 94. Í samræmi við ofangreint felur sveitarstjórn skipulagsfulltrúa að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis í landi Arnarvatns og í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

13.7 2308018 - Skógarmelar 1 - beiðni um heimild til breytingar á deiliskipulagi Af greiðsla skipulagsnefndar frá 14. fundi nefndarinnar lögð fram til kynningar.

13.8 2308006 - Aðalskipulag

Afgreiðsla skipulagsnefndar frá 14. fundi nefndarinnar lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 13:50.



Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Ath ! Verðskrá

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing	kr. 4.600.- m.vsk
heilsíðuauglýsing	kr. 6.620.- m vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is
Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386



RAUNFÆRNIMAT

Fyrir starf í sundlaugarvörslu og íþróttahúsi

Hefur þú reynslu af starfi í íþróttahúsi eða sundlaugarvörslu og langar að fá hana metna á mótí námi?

Að ljúka raunfærnimati getur

- Stytt nám á tilteknum brautum
- Styrkt stöðu þína á vinnumarkaði
- Aukið sjálfstraust í nám að nýju
- Sýnt fram á starfshæfni á vinnustað

Hentar fyrir þá sem:

- hafa a.m.k. 3 ára starfsreynslu
- eru 23 ára eða eldri



Frekari upplýsingar á hac@hac.is
eða í síma **464-5100**



Þekkingarnet
Þingeyinga